

Stjórnarfundur FEB nr. 516 miðvikudaginn 7. október 2025

kl. 13:30 í Stangarhyl 4, 110 Reykjavík

Mættir aðalmenn: Sigurður Ágúst Sigurðsson formaður stjórnar FEB, Ástrún Björk Ágústsdóttir, Gunnlaugur Auðunn Júlíusson, Kristján Guðmundsson og Fanney S. Jóhannsdóttir.

Mættir varamenn: Sigrún E. Unnsteinsdóttir

Fjarverandi: Guðrún Bergmann, Kristinn Eiríksson, Guðrún Ósk Jakobsdóttir, og Bjarni Bjarnason

Einnig sat fundinn Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri FEB

Dagskrá fundarins var sem hér segir:

- Fundargerð síðasta fundar afgreidd og undirrituð**
- Formaður skýrði frá þeim verkefnum sem hann hefur sinnt frá síðasta stjórnarfundum**
- Starf nefnda innan FEB frá stefnumótunarfundi**
 - Húsnæðisnefnd**
 - Ástrún var tilnefnd formaður húsnæðisnefndar.
 - Fyrstu verkefni nefndarinnar eru að fara í þarfagreiningu á húsnæðismálum eldra fólks.
 - Nefndin fékk heimsókn frá fulltrúum HMS þar sem helstu áskoranir á húsnæðismarkaði voru kynntar. Þar kom m.a. fram að nýjar íbúðir seljast ekki vel.
 - Nefndin hélt fund með Brák til að fara yfir stöðu eldri borgara og möguleika þeirra á leiguhúsnæði hjá Brák.
 - Kjaranefnd**
 - Gunnlaugur var tilnefndur formaður kjaranefndar m.a. vegna þess að hann er fulltrúi stjórnar FEB í kjaranefnd LEB.
 - Helstu verkefni nefndarinnar eru að fylgja eftir þeim áhersluatriðum sem fram komu á stefnumótunarfundi stjórnar FEB í haust og er ljóst að þau falla vel að áhersluatriðum LEB. Ákveðið var að FEB muni styðja við stefnu LEB í kjaramálum en enginn fundur hefur verið haldinn þar frá síðasta fundum
 - Rætt um að næstu verkefni nefndarinnar væru undirbúningur fyrir næstu sveitarstjórnarkosningar hvað þetta málefni varðar
 - Ferðanefnd**
 - Ferðanefnd hefur fundað og er að skipuleggja ferðaáætlun næsta árs.

d. Velferðarnefnd

- i. Sigurður Ágúst var tilnefndur formaður Velferðarnendar og skýrði frá störfum nefndarinnar.
- ii. Velferðarnefnd hefur fundað og sett niður verkefni til að fylgja eftir þeim áhersluatriðum er komu fram á stefnumótunarfundi stjórnar FEB.
- iii. Kalla þarf eftir gögnum til að ljóst sé hver staðan er á lausum rýmum í á hjúkrunarheimilum. Nefndin hefur óskaði eftir fundi með fulltrúum Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu til að fá kynningu á stöðu mála.
- iv. Formaður fjallaði um stöðu eldra fólks varðandi þróun mála í rafrænni þjónustu og rafræna upplýsingagjöf, s.s. á Island.is. Einnig var upplýst að FEB er að halda ýmis tækninámskeið fyrir félagsmenn t.d. um netöryggi og gervigreind og stefnir á fleiri sambærileg námskeið.
- v. Þá fór hann yfir upplifun sína af sýningu myndarinnar „Jörðin undir fótum okkar“ sem segir frá sólarlagi lífsins á hjúkrunarheimilinu Grund sem sýnd var á RIFF fyrir skömmu og fulltrúar FEB fengu boð um að sjá.

4. Formannafundur LEB á Varmalandi

- a. Formaður fór yfir helstu atriði sem þar komu fram en umræða um kjaramálin var fyrirferðarmikil á fundinum. Einnig fór fram hugmyndarvinna er varðar fyrirkomulag starfsemi LEB á næstu 5 árum. Þar kom m.a. fram tillaga að halda landsfund LEB annað hvert ár og formannafund hitt árið. Þá stæði aðalfundur yfir í tvo daga svo tími verði fyrir góðar umræður. Einnig skapaðist umræða um hvort að hætta eigi að gefa út LEB blaðið í prentformi og gefa það einungis út á rafrænan hátt. Afstaða félagsmanna gagnvart þessari hugmynd verður könnuð.

5. Fréttir frá Öldungaráði

- a. Formaður skýrði frá umræðum á síðasta fundi Öldungaráðs. Rætt um ráðstefnu LEB um ofbeldi gagnvart eldri borgurum sem haldin verður þann 16. október n.k.

6. Upplýst var að erindi fyrir **Umboðsmann Alþingis**, sem sent var frá FEB þann 28. apríl s.l. hefur ekki enn verið afgreitt

7. Fundur FEB með fulltrúum U3A

- a. Formaður og framkvæmdastjóri óskuðu eftir fundi með U3A til að kanna samstarfsfleti. Stefna U3A, sem er alþjóðleg hreyfing tengd háskólasamfélaginu, er með vel skilgreind markmið sem eru takmörkuð við fræðslufyrirlestra og ferðalög. Aðilar voru sammála um að gott hafi verið

að taka samtalið, en engir samstarfsfletir séu sjáanlegir í nánustu framtíð sem má þó alltaf endurskoða.

8. Rekstur FEB fyrstu 9 mán. og fréttir af starfseminni

- a. Framkvæmdastjóri fór yfir starfsemi félagsins. Góð aðsókn var í hinar fjölmörgum FEB-ferðir s.l. mánuði og gengu ferðirnar allar einstaklega vel. Gríðarleg aðsókn er í gervigreindarnámskeið á vegum félagsins og hefur hún farið fram úr öllum væntingum. Mörg hundruð félagsmenn munu væntanlega sækja þetta námskeið að lokum. Framkvæmdastjóri lagði fram yfirlit (óendurskoðað) um fjárhagslega stöðu félagsins og rekstur þess fyrstu níu mánuði ársins. Rekstur félagsins er nálægt áætlun.

9. Þjónusta stjórnarmanna FEB til félagsmanna


- a. Rætt um námskeiðahald og ef af verður að vanda þurfi aðkomuna.

10. Önnur mál

- a. Formaður kynnti helstu kröfur félagsins er varða grunnlífeyri eldri borgara

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 16:00

Fundargerð ritaði Gunnlaugur Auðunn Júlíusson

Fannv. S. Jónsson.
Sig. Ag. Sig.

Gunnur Mustindóttir.